

## **121. fundur skólanefndar ME** **haldinn 25. nóvember 2014 kl. 17 í fundarherbergi skólans**

Mættir skólanefndarmenn: Anna Björk Guðjónsdóttir, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Steinunn Ásmundsdóttir sem varamaður fyrir Esther Gunnarsdóttur og Lára Vilbergsdóttir sem varamaður fyrir Gauta Jóhannesson.

Áheyrnarfulltrúar mættir: Jóney Jónsdóttir, Nína Midjord og Rebekka Karlsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn: Helgi Ómar Bragason skólameistari og Árni Ólason áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

*Formaður setti fund kl 17:00 og gengið var til dagskrár.*

### **DAGSKRÁ:**

- 1. Staðfesting fundargerðar 120. fundar**
- 2. Fjárhagsáætlun fyrir 2015**
- 3. Starfsmannamál - Ráðningar fyrir vorönn o.fl.**
- 4. Framhaldsdeild Vopnafirði - staða máls**
- 5. Skólanámskrá - staða mála**
- 6. Önnur mál**

#### **1. Staðfesting fundargerðar 120. fundar**

Fundargerð 120. fundar hafði verið samþykkt í tölvupósti en var staðfest með undirritun af þeim sem sátu þann fund.

#### **2. Fjárhagsáætlun fyrir 2015**

Skólameistari kynnti fjárhagsáætlun fyrir 2015. Áætlunin er innan ramma fjárlagafurmvarps eins og lög gera ráð fyrir. Boðað hefur verið að heimildir til framhaldsskóla verði rýmkaðar í annarri umræðu fjárlaga. Fjárhagsleg staða skólans er ásættanleg og helsti vöxtur í starfsemi ársins er vegna fjölgunar nemenda á starfsbraut. Rekstrarstaða í októberlok var jákvætt um 11 milljónir. Í fjárlagafurmvarpi 2015 er gert ráð fyrir 20% niðurskurði á ársnemendum í ME fyrir næsta skólaár, nokkuð sem skólameistari telur engar forsendur fyrir. Skólameistari fór yfir minnisblað sem hann og skólanefndarformaður kynntu fyrir þingmönnum kjördæmisins og sýnir m.a. áætlaða þróun í nemendafjölda næstu árin sem er allt önnur en ráðuneytisins. Unnið hefur verið að því að kynna málið fyrir þingmönnum og fjárlaganefnd með von um fjölgun ársnemenda og rýmkaðar fjárheimildir. Vonir standa til að ráðuneyti menntamála sjái að sér í þessu máli.

Ráðuneytið talar nú fyrir sameiningu framhaldsskóla og fór skólameistari á fund í vegna þeirra mála, sem þó virðast skammt komin. Ráðgert er að skólameistarar og formenn skólanefnda ME og VA hittist og ræði fleti á frekari samvinnu þessa skóla á næstu vikum.

#### **3. Starfsmannamál - Ráðningar fyrir vorönn o.fl.**

Námsráðgjafi hefur sagt upp störfum frá og með áramótum. Auglýsingar hafa borið lítinn árangur og málin verða leyst innanhúss til vorsins og þá auglýst aftur. Annars eru litlar breytingar á starfsmönnum á vorönn.

Formaður skólanefndar spurði út í hvernig gengi með aðgerðaráætlunina í starfsmannamálum. Fram kom að nú standi yfir starfsmannaviðtöl en þeim verði ekki lokið fyrir áramót. Starfsemi hjá Búbótar starfsmannafélags hefur verið góð á haustönn. Skólameistari greindi frá því að lögfræðingur KÍ hefði haft samband við skólann vegna uppsagnar starfsmanns en búið að væri að svara því erindi með formlegum hætti.

#### 4. Framhaldsdeild Vopnafirði – staða máls

Þann 11. desember n.k. munu skólameistarar ME og VA funda um stofnun framhaldsdeildar á Vopnafirði með nefnd sem Vopnfirðingar hafa sett á laggirnar um málið, ásamt foreldrum og nemendum 8.-10. bekkja. Seinna á skólaárinu verður nemendum 10. bekkjar í Vopnafjarðarskóla boðið í ME og VA til að kynna skólunum. Á fjárlögum 2014 eru 5 milljónir til verkefnisins og 10 milljónir á næsta ári.

#### 5. Skólanámskrá - staða mála

Skólameistari upplýsti að á næstu vikum yrðu þær stúdentsbrautir ME sem ráðuneytið hefur samþykkt auglýstar í Stjórnartíðindum og verða þessar brautir þá hluti af Aðalnámskrá framhaldsskóla. Í þessari fyrstu auglýsingu verða brautir frá Kvennaskólanum í Reykjavík, Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ og ME.

Listnámsbrautin var rædd sérstaklega en við hana voru gerðar ákveðnar athugasemdir hjá ráðuneytinu þannig að hún er ekki með í auglýsingunni. Lára Vilbergsdóttir talaði um möguleika og mikilvægi þess að efla listnám í fjórðungnum og þá með öflugum samstarfi bæði framhaldsskóla og atvinnulífs. Skólameistari tók þátt í vinnufundi um málið á Seyðisfirði í síðustu viku og nýverið heimsótti fulltrúi frá Samtökum atvinnulífsins skólann og talaði fyrir tengingu skapandi greina og atvinnulífs. Skólanefnd einhuga um að leitað verði leiða til að fullgera listnámsbrautina en ljóst er að innrita þarf 15-20 nemendur árlega á brautina til að hægt sé að halda henni úti og til að efla brautina þarf bæði sérstöðu og gott samstarf á Austurlandi.

Vinnu við skólanámskrá verður framhaldið á vorönn en lítið hefur verið hægt að sinna henni á haustönninni.

#### 6. Önnur mál

**a) Félagslíf nemenda.** Fulltrúi nemenda, Rebekka Karlsdóttir, sagði frá því að félagslíf hefði gengið vel þessa önnina og margt í boði fyrir nemendur. Margir nemendur vinna mikið starf til að virkja aðra nemendur til ástundunar félagslífs. Hún óskaði eftir betri tengslum NME við stjórn skólans, greiðari samskiptum og og meiri aðstoð, t.d. varðandi fræðslu um fundarsköp og hvernig standa ætti að öflugum félagslífi. Fram kom hjá skólameistara að til stæði að ráða leikstjóra fyrir vorönnina og einnig væru umræður um að ME fengi hlutdeild í starfsmanni hjá sveitarfélaginu sem kæmi að forvarnar- og tómsfundamálum.

**b) Góður árangur.** Skólameistari greindi frá því að stærðfræðikennsla í ME hefði fengið mjög góða dóma í skýrslu um stærðfræðikennslu í framhaldsskólum. Þeir nemendur í ME sem fara í háskólann virðast einnig standa sig mjög í námi miðað við aðra framhaldsskóla skv. úttekt sem er í nýrri samantekt Samtaka atvinnulífsins um menntun.

**c) Kynningarmálin.** Skólanefnd ræddi um mikilvægi þess að leggja vinnu í að tengja skólann við samfélagið. Betur þyrfti að standa að kynningu í grunnskólum, m.a. um flýtleiðir fyrir góða námsmenn. Heimasíða ME hefur setið á hakanum og er orðið tímabært að vinna hana upp. Ætlunin var að leggja áherslu á kynningarmálin síðustu vorönn en þá kom verkfall. Gera verður aðra tilraun til þess á nýju ári.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 18:50.*

Fundargerð ritaði Árni Óla.